

# Helmingafélag um útgáfu Veru 1984

1. Kvennaframboðið í Reykjavík og Kvennalistinn gera með sér helmingafélag um útgáfu VERU.
2. Kvennaframboðið leggur fram blaðið eins og það stendur þegar samkomulag þetta er gert með þeim eignum og skuldum sem því fylgja og báðum aðilum er kunnugt um.
3. Á móti leggur Kvennalistinn fram kr. 500.000.- og standa þá báðir aðilar jafnir með sömu réttindi og skyldur.
4. Njóti Kvennalistinn eða Kvennaframboðið opinberra styrkja til útgáfu skal hluti þeirra fjármuna renna til útgáfu VERU skv. ákvörðun félagsfunda þeirra samtaka sem styrksins njóta. Ritnefnd gerir tillögur um fjárbörf blaðsins hverju sinni.
5. Ritnefnd blaðsins skal skipuð 3 fulltrúum frá hvorum samtökum, auk starfsmanns blaðsins, og hafa allir fulltrúar sömu réttindi og skyldur.
6. Komi upp ágreiningur í ritnefnd er henni heimilt að kalla saman almennan fund Kvennalista og Kvennaframboðs og leggja ágreiningsefni fram þar og ber ritnefnd að lúta þeim ákvörðunum, sem þar verða teknar.
7. Hvorugum aðila er heimilt að selja sinn hlut í blaðinu eða framselja hann á annan hátt.
8. Óski annar aðili eftir að slíta samstarfinu, þá gerist það án nokkurra krafna af hálfu þess aðila. Þó sitji báðir aðilar jafn djúpt í skuldasúpnum sé hún fyrir hendi við samstarfsslit.
9. Verði blaðið lagt niður, skiptast eignir og skuldir að jöfnu.
10. Aðilar hafa komið sér saman um stefnu blaðsins, sbr. fylgirit og verður þeirri stefnu ekki breytt nema með samþykki beggja aðila.
11. Titill blaðsins er: VERA - málgagn kvenfrelsisbaráttu.
12. Óski ritnefnd VERU, Kvennaframboðið eða Kvennalistinn eftir endurskoðun samnings þessa, skal skipuð nefnd sem í eiga sæti jafnmargir fulltrúar frá báðum eignaraðilum. Nefndin kannar hvort endurskoðunar sé þörf og leggur fram tillögur í því efni.